

Kirkjuþing 2023-2024

8. mál - þskj. 8b

Nefndarálit og breytingartillaga

við tillögu að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 9/2021-2022 með síðari breytingu.

Frá löggjafarnefnd.

Frsm. Stefán Magnússon.

Löggjafarnefnd hefur farið yfir málið og leggur til að það verði samþykkt með eftirfarandi

breytingartillögu:

1. gr.

a. 1. másl. 1. mgr. 1. gr. tillögunnar breytist og hljóðar svo:

Biskup Íslands og vígslubiskupar skulu kjörnir til fimm ára í senn, þeir geta þó ekki setið nema þrjú tímabil samfellt.

b. Við 1. gr. tillögunnar bætist ný 3. mgr. sem hljóðar svo:

Kirkjuþing getur með auknum meirihluta ákveðið að efnt skuli til kosninga a.m.k. sex mánuðum áður en kjörtímabili biskups eða vígslubiskups líkur.

2. gr.

1. og 2. mgr. 2. gr. tillögunnar breytast og hljóða svo:

Hver vígður maður sem kosningarréttar nýtur skv. 4. gr. hefur rétt til að tilnefna. Tilnefna skal þrjá einstaklinga sem uppfylla skilyrði 1. gr. til kjörs biskups Íslands.

Hver vígður maður sem kosningarréttar nýtur skv. 5. gr. hefur rétt til að tilnefna. Tilnefna skal þrjá einstaklinga sem uppfylla skilyrði 1. gr. til kjörs vígslubiskupa.

Kristrún Heimisdóttir og Óskar Magnússon voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Reykjavík, 17. nóvember 2023.

Löggjafarnefnd

Anna Guðrún Sigurvinsdóttir.

Bryndís Malla Elíadóttir, form.

Elínborg Sturludóttir.

Jóhanna Gísladóttir.

Konráð Gylfason, varaform.

Magnús Erlingsson.

Stefán Magnússon.